

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 148/2012

2012/EES/63/26

frá 13. júlí 2012

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2012 frá 30. mars 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/754/ESB frá 22. nóvember 2011 um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 8d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/482/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„8e. **32011 D 0754**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/754/ESB frá 22. nóvember 2011 um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja (Stjtið. ESB L 310, 25.11.2011, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/754/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Atle Leikvoll**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 40.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 310, 25.11.2011, bls. 17.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.